

Nd.

176. Breytingartillaga

[77. mál]

við frv. til laga um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá Birni Pálssyni, Lúðvík Jósefssyni og Jóni Skaftasyni.

2. gr. orðist svo:

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa sem hér segir:

- a. Allt að 40 millj. króna til áhafna fiskiskipa. Skal því fé skipt þannig, að ákveðin upphæð sé greidd hverjum skipverja fyrir hvern mánuð (eða brot úr mánuði), sem hann hefur verið skráður á fiskiskip árið 1967. Tryggt skal, að fé þetta sé fyrst og fremst notað til þess að greiða opinber gjöld viðkomandi sjómanna. Hafi opinber gjöld verið greidd að fullu, skal fjárupphæðin greidd viðkomandi sjómanni. Aflatryggingasjóður skal annast um þessar greiðslur.
- b. Allt að 80 millj. króna til greiðslu á vöxtum af stofnlánum fiskiskipa og fiskvinnlustöðva við Fiskimálasjóð og Fiskveiðasjóð Íslands. Vaxtagreiðslur þessar skulu skiptast milli aðila í hlutfalli við vexti ársins 1967.
- c. Allt að 80 millj. króna til greiðslu á váttryggingargjöldum fiskiskipa.
- d. Allt að 80 millj. króna til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands, er varið skal til lánveitinga að hálfu og óafturkræfra framlaga að hálfu vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Stjórn fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.
- e. Það, sem eftir er af gengishagnaði, skal afhenda Fiskveiðasjóði Íslands til þess að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins og til framleiðniaukningar. Fé þetta skal renna til sérstakrar deildar innan Fiskveiðasjóðs Íslands, og setur sjóðsstjórnin nánari reglur um starfsemi deildarinnar.